

## Erindisbréf fyrir öldungaráð Borgarbyggðar

### Skipan

Í Borgarbyggð starfar formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð. Það starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Í öldungaráði er fjallað um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.

Skipunartími ráðsins er kjörtímabil sveitarstjórnar. Félagsmálastjóri er tengiliður sveitarfélagsins við öldungaráð. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar.

### Starfsfyrirkomulag

Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og kosningu í öldungaráð boðar sveitarstjóri til 1. fundar ráðsins. Öldungaráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum. Öldungaráð skal halda fund eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári. Formaður boðar fundi í samráði við félagsmálastjóra.

Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram í sveitarstjórn.

### Nánar um ráðgjafahlutverk og samráð við öldungaráð

Öldungaráð skal hefur með höndum eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Öldungaráð Borgarbyggðar er sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara.

Öldungaráð getur komið ábendingum til sveitarstjórnar um allt það er betur kann að fara er varðar málefni eldri borgara.

Sveitarstjórn skal kynna öldungaráði með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða íbúa sveitarfélagsins. Þar má sem dæmi nefna eftirfarandi:

- Hugmyndir um eða breytingu á gjaldskráum vegna þjónustu við aldraða
- Hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til handa eldri borgurum.
- Sveitarstjórn getur leitað eftir umsögn öldungaráðs varðandi allt það annað er varðar hagsmuni og aðstæður eldri borgara.

Sveitarstjórn skal halda fund með öldungaráði að lágmarki einu sinni á ári.

*Erindisbréf þetta var samþykkt í velferðarnefnd Borgarbyggðar 2. nóvember 2018.*

*Staðfest á fundi sveitarstjórnar 8. nóvember 2018*